

GREINAR UM BÆKUR

ÁSTA KRISTJANA SVEINSDÓTTIR

Kvenna megin

Sigríður Þorgeirsdóttir

Kvenna megin: ritgerðir um femíníska heimspeki

Hið íslenska bókmenntafélag, 2001

Mikið gleðiefni er að út sé komin bók á íslensku um femíníska heimspeki. Ég held að ekki sé á neina hallað að segja að sú sem þar heldur á penna sé brautryðjandi í því að skrifa um femíníska heimspeki á íslensku. Hér er á ferðinni safn greina sem flestar hafa birst áður í fagtímaritum hér og hvar og er fengur að því að hafa þær allar saman komnar á einni bók. Hér kennir margra grasa. Sumar greinarnar eru úttektir á einstaka heimspekingum og kenningum þeirra, aðrar tengja heimspekilega umræðu við íslenskan veruleika, þá sérílagi veruleika íslenskrar kvennapólitíkur. Sérstaklega finnst mér fengur í greinunum af síðara taginu. Í umfjöllun minni hér ætla ég að lýsa femínískri heimspeki eins og hún kemur mér fyrir sjónir í dag og staðsetja skoðanir Sigríðar í því landslagi.

Hvað er femínísk heimspeki?

Hvað er femínísk heimspeki og hvaða erindi á hún við femínista annars vegar og heimspekinga almennt hins vegar? Það sem einkennir femíníska heimspeki getur verið annað af tvennu. Það getur verið greining á, og umræða um, ákveðin hugtök og fyrirbæri sem eru nauðsynleg til að skilja stöðu kvenna og leiðir til að bæta hana. Hér með talin eru hugtök eins og kyn og kynferði, frelsi, kúgun, sjálfræði, kynjun, kenningakerfi, eðli, atlæti, og jafnrétti. Það er nauðsynleg forsenda þess að koma með tillögur um leiðir til að bæta stöðu kvenna að hafa til hliðsjónar kenningar um að hvaða leyti stöðu konunnar sé ábatavant og hvað felist í bættri stöðu. Hvers konar mælikvarði er við hæfi þegar meta á stöðu konunnar? Hvers konar viðmiðun er við hæfi þegar hvatt er til breytinga? Þessar spurningar og aðrar tengdar eru ær og kýr femínískra heimspekinga sem femínista almennt.

Annað sem einkennt getur femínískan heimspeking eru ákveðnar aðferðafræðilegar hugmyndir. Hér tek ég sérstaklega fram þá hugmynd að mörg hugtök og mælikvarðar, sem álitid er að séu algjörlega hlutlæg, séu í rauninni gildishlaðin. Gildin, sem um ræðir, eru í sumum tilfellum álitin vera kynleg gildi og tekur þá gagnrýni femínískra heimspekinga gjarnan á sig þá mynd að benda á að gildin, viðmiðanirnar, og mælikvarðarnir sem um ræðir séu eftir allt saman *kynjud*. Þess háttar gagnrýni getur verið misróttæk, en ég mun víkja að því nánar hér á eftir.

Það ætti að vera ljóst af ofansögðu að femínísk heimspeki á mikið erindi til femínista almennt, enda eru femínískir heimspekingar meðal helstu hugmyndafræðinga kvannahreyfingarinnar á tuttugustu öld. Þetta á ekki síst við um íslensku kvannahreyfinguna, hvort sem um er að ræða Rauðsokkurnar eða Kvennaframboðin og Kvennalistann sjálfan. Ein áhugaverðasta grein Sigríðar er einmitt þar sem hún rýnir í

hugmyndafræði Kvinnalistsans og ber hana saman við kenningar erlendra femínískra hugmyndasmiða.

Að sama skapi ætti að veri ljóst erindið sem femínísk heimspeki á við heimspekinga almennt. Heimspekingum ber að taka alvarlega þegar meintar hlutlægar aðferðir og viðmiðanir þeirra eru ásakaðar um að vera hlaðnar vafasömum gildum. Við verðum að vera okkur þess meðvitandi um hvaða gildi liggja til grundvallar viðmiðum okkar og mælikvörðum og það verða að vera gildi sem eiga þar heima.

Femínísk heimspeki í byrjun nýrrar aldar

Sigríður sýnir í greinasafninu *Kvenna megin* að hún er femínískur heimspekingur bæði hvað varðar viðfangsefni og hvað varðar aðferðir. Þetta þýðir náttúrulega ekki að allir femínískir heimspekingar mundu vera sammála skoðunum Sigríðar í einu og öllu. Þegar nú er komið sögu, í byrjun tuttugustuogfyrstu aldarinnar, er að finna margar femínískar raddir sem ósjaldan eru á öndverðum meiði hvað varðar helstu viðfangsefni. Það er hægt að vera femínisti og femínískur heimspekingur á marga ólíka vegu nú til dags. Hér koma til ólíkar skoðanir á hver raunveruleg staða kvenna sé í þjóðfélaginu og hverjar orsakir séu fyrir því misrétti sem þær eru beittar. Þar á ofan koma ólíkar skoðanir á því hvað við eigum að gera í málinu. Útópían lítur líka mismunandi út: hvernig á heimur án karlrembu að vera?

Femínisminn nú á dögum er í raun frumskógur kenninga, sem hafa það eitt sameiginlegt að markmiðið er að vinna gegn kerfisbundinni kúgun kvenna, þ.e. vinna gegn kúgun konu af því að hún er kona. Ein leiðin til að flokka mismunandi kenningar er að hugsa um hvað það mundi þýða ef kerfisbundinni kúgun kvenna yrði aflétt. Í mörgum tilfellum á það að hafa í för með sér meira *sjálfræði* kvenna, en hér kemur á mótí að femínistar leggja ólíka túlkun í orðið „sjálfræði“ og eru ósammála um hvernig vega eigi það gildi upp á mótí öðrum gildum.

Dæmi úr sögu íslenskrar kvennapólítíkur getur hjálpað okkur til að sjá hvernig ólíkar skoðanir birtast. Líta má á Rauðsokkurnar sem kvenfrelshreyfingu þar sem kúgun kvenna var álitin felast í því að kona var einskorðuð við ákveðin störf í þjóðfélaginu sem samkvæmt hefð voru unnin af konum. Að aflétta kúguninni fólst í því að leyfa konum líka að vera menn, þ.e. að leyfa þeim að vinna hefðbundin karlastörf. „Konur eru líka menn!“ er lýsandi fyrir þessa túlkun á í hverju kvenfrelsi felst. Hér var ekki sett spurningamerki við að hefðbundin kvennastörf voru ekki metin mikils innan þjóðfélagsins, heldur aðeins að fólk af kvenkyni væri einskorðað við svoleiðis störf. Aukið sjálfræði kvenna fólst því í að konur gætu líka tekið að sér hefðbundin karlastörf.

Gagnrýni Kvennaframboðanna og Kvinnalistsans á íslenskt þjóðfélag var róttækari. Hér var einmitt sett spurningamerki við gildismat þjóðfélagsins. Af hverju eru hefðbundin kvennastörf ekki eins mikils metin og hefðbundin karlastörf? Af hverju eru hefðbundin kvenleg gildi ekki eins mikils metin og hefðbundin karlleg gildi? Hér er viðhorfið að mjúku málin eigi að vera mál okkar allra og til að aflétta kerfisbundinni kúgun kvenna þurfi þjóðfélagið að viðurkenna að svo sé. Líta má svo á að aukið sjálfræði kvenna hafi nú falist í að konur fengju að vera kvenlegar í hefðbundnum skilningi, vera umhyggjusamar, nærandi, í góðum tilfinningatengslum og svo framvegis. Líkt og slagorð blökkufólks í Bandaríkjunum á sjöunda áratugnum, „Black is beautiful!“, ber vitni settu svartir í

Bandaríkjunum spurningamerki við gildismat Ameríkumanna á svipaðan hátt og Kvennaframboðin og Kvennalistinn gerðu hér á Íslandi. Í báðum tilfellum var reynt að hefja til vegs og virðingar það sem áður hafði verið vanmetið, jafnvel fótum troðið.

En svo er líka hægt að gagnrýna þá hugmynd að það að aflétta kúgun kvenna feli endilega í sér aukið sjálfræði og líta á Kvennaframboðin og Kvennalistann sem dæmi um hreyfingar sem höfðu aukið sjálfræði kvenna ekki sem fyrsta og fremsta markmið, heldur hærri þjóðfélagsstöðu, virðingu, og jafnvel hamingju þeirra. Þetta held ég að sé betri leið til að skilja þessar hreyfingar. Þá er einnig auðveldara að skilja á milli tvenns konar femínískra hreyfinga sem ég vil kalla „frelshreyfingar“ og „gildishreyfingar“.

Líta má á muninn á frelshreyfingum og gildishreyfingum sem afrakstur þess hvaða fyrirbæri er litið á sem *kynjud*. *Kynjun* er hugtak sem mikið er notað í femínískum fræðum og getur þýtt ýmislegt, allt eftir samhengi. Hér merkir *kynjun* að viðkomandi mælikvarði, hugtak, eða viðmiðun sé hlaðið gildum sem eru á einhvern hátt kynbundin. Í þeim skilningi er hægt að líta svo á að Rauðsokkurnar hafi verið að ásaka þjóðfélagið um að hafa kynjaða mælikvarða á hvaða fólk væri hæft til að vinna hvaða störf. Þessir kynjuðu mælikvarðar mismunuðu fólki eftir kynferði. Kynjun þessara mælikvarða takmarkaði frelsi kvenna til starfa. Markmiðið var þá að afkynja þessa mælikvarða og auka þannig sjálfræði, eða *frelsi*, kvenna. Tekið skal fram að frelshreyfingar þurfa ekki endilega að hafa sjálfræði að leiðarljósi. Jafnvel er hægt að hugsa sér að markmið Rauðsokkanna hefði getað verið einungis að frelsa konur undan oki kynbundinnar verkaskiptingar, en ekki endilega að auka sjálfræði þeirra. Þetta getur farið saman, en þarf það ekki. Sjálfræði felur í sér annað og meira en að frelsi viðkomandi til ákvarðana sé ekki takmarkað.

Aftur á móti má líta þannig á að Kvennaframboðin og Kvennalistinn hafi ásakað þjóðfélagið um að hafa kynjað gildismat, þar sem störf og gildi sem höfðu hefðbundin tengsl við karla voru metin meira en störf og gildi sem höfðu hefðbundin tengsl við konur. Það að afkynja gildismat þjóðfélagsins átti þá að hafa í för með sér að konur, og það sem kvenlegt var, yrði hafið til vegs og virðingar. Hreyfingin snerist sumsé um að hampa kvenlegum *gildum*.

Ég tek það fram að þegar haldið er fram að fyrirbæri, eins og gildismat, sé kynjað, þýðir það ekki endilega að því sé haldið fram að gildin sem um ræðir séu *naudsynlega* karlleg (eða kvenleg). Nóg er að um *hefðbundin* tengsl milli kyns og þess fyrirbæris sé að ræða. Það er miklu róttækari ásökun þegar haldið er fram að eitthvað fyrirbæri sé í eðli sínu kynjað. Oft fylgir slíkri ásökun ákveðin eðlishyggja. Ég mun koma inn á þetta hér á eftir.

Sigríður er að mínum dómi kvenfrelsiskona í þeim skilningi sem ég hef lagt í það hér að ofan. Bætt staða kvenna felst fyrst og fremst í auknu sjálfræði þeirra, ekki endilega róttæku endurmati á þjóðfélagsgildum. Kenningar Sigríðar taka ákveðið mark á róttækari gagnrýni á þjóðfélagsgildin, en sú gagnrýni er notuð til þess að draga upp flóknari mynd af því í hverju kvenfrelsi felst, mynd sem tekur tillit til þátta sem vestræn pólitísk heimspeki hefur ekki sinnt. Til að renna stoðir undir þessar staðhæfingar ætla ég að ræða hér að neðan um umfjöllun Sigríðar um kenningar Carol Gilligan, Nancy Chodorow, og Kvennalistans annars vegar, og kenningar Judith Butler hins vegar.

Gagnrýni Sigríðar á eðlishyggju og umhyggjusiðfræði Gilligan, Chodorow, og Kvinnalistsans¹

Eðlishyggja hefur í gegnum tíðina verið kenning sem femínistar hafa ekki komist hjá að ræða, og þar hefur hún ýmist verið vinur eða óvinur. Til dæmis var eðlishyggja notuð í baráttu gegn kosningarétti kvenna, þar sem sú kenning var við lýði að konur gætu í eðli sínu ekki hugsað rökrétt; tilfinningasemi kvenna mundi hafa yfirhöndina og ekki væri hægt að treysta svoleiðis fólki til að kjósa. En svo hefur eðlishyggja líka legið að baki ákveðinni tegund af femínisma. Eins og Sigríður bendir á, á mæðrahyggja Kvinnalistsans margt skilt við kenningar Carol Gilligan og Nancy Chodorow sem álitu að konur væru að eðlislagi umhyggjusamari, nærandi, og í betri tilfinningatengslum en karlar. Ólíkt kenningum sem finna kvenlegu og karllegu eðli rætur í líkamlegum eiginleikum, þá eru kenningar Gilligan og Chodorow svo að ræturnar er að finna í sameiginlegum reynsluheimi kvenna, svo sem umönnun, barnauppeldi, og þess háttar. Sér í lagi hélt Chodorow því fram að kvenlegt og karllegt sálareðli væri mótað á fyrstu æviárum barna þar sem miklu máli skipti að það var móðirin sem sinnti barninu mest. Í stuttu máli, sem gerir kenningum Chodorow engan veginn nægjanleg skil, þá átti þetta að hafa í för með sér að vegna þess að mæðgur væru af sama kyni áttu að myndast sterk tilfinningatengsl milli þeirra en ekki milli mæðgina, sem náttúrulega voru af gagnstæðu kyni. Þessi munur á þróun sjálfsins hjá stelpum og strákam átti síðan að skýra af hverju fullorðnar konur leituðu eftir meiri tilfinningatengslum en fullorðnir menn. Á líkan hátt átti umönnun í frumbersku að skýra ýmsan annan sálfræðilegan mun á fullorðnum körlum og konum.

Til þess að hægt sé að finna rætur kveneðlisins í reynsluheimi kvenna, en ekki líkamlegum eiginleikum, er nauðsynlegt að gera greinarmun á kyni og kynferði. Venjulega er Simone de Beauvoir álitin vera sú sem fyrst benti á nauðsyn þess að skilja á milli kyns og kynferðis, þegar hún sagði að við fæddumst ekki konur, heldur yrðum konur.² Kyn hefur verið skilgreint sem líffræði- eða líffærafræðilegt fyrirbæri, en kynferði sem samfélagsleg þýðing þess. Kynferði er þá félagslegt fyrirbæri, eða félagsleg kategoría, sem tilkomið er af því að í samfélaginu er að finna ákveðnar væntingar um hvað það sé að vera af kven- eða karlkyni og hvers konar hlutverk og hegðan tilheyri fólki af hverju kyni. Að vera kvenkyns, karlkyns eða millikyns er þannig spurning um kyn; að vera kona, karlmaður, eða eitthvað þar á milli spurning um kynferði.

Eðlishyggja Gilligan og Chodorow er sum sé eðlishyggja um kynferði. Hyggjum nú nánar að því hvað það þýðir. Eðlishyggja, sem nefnd er *essentialismi* á ýmsum erlendum málum, er eldgömul kenning sem á rætur sínar að rekja til Aristótelesar. Gamli Aristótelíska skilningurinn á því er þríþættur. Ég ætla að heimfæra skilgreininguna upp á kveneðlið. Kveneðlið, ef það þá er til, verður að uppfylla þrjú skilyrði:³

1. Í fyrsta lagi verður kveneðlið að vera eiginleiki eða safn eiginleika sem gerir konuna að konu. Þetta þarf að vera eiginleiki sem allar konur hafa og bara

¹ Sjá Nancy Chodorow, *The Reproduction of Mothering: Psychoanalysis and the Sociology of Gender*, Berkeley, 1978; Carol Gilligan, *In a Different Voice: Psychological Theory and Women's Development*, Cambridge, Mass., 1982.

² Sjá *Le deuxième sexe*, París, 1949. Á ensku eru þetta hugtökin *sex* og *gender*.

³ Sjá nánar erindi mitt hjá Rannsóknarstofu í kvennafræðum 20. sept, 2001. Það er aðgengilegt á slóðinni http://www.hi.is/stofn/fem/rabb_astasveins.html.

konur hafa. Það er ómögulegt ef bara sumar konur hafa þennan eiginleika, nú eða alls konar annað fólk hefur hann líka. Hér er sum sé ekki nóg að tala um eiginleika týpískrar konu, hvort sem þá er átt við ímyndaða tölfræðilega staðalkonu með 1,3 börn eða um meðal-Gunnu sem er einstæð móðir í Breiðholtinu. Þetta er spurning um skilgreininguna á tegundinni kona. En jafnvel þótt hægt sé að gefa skilgreiningu á því hvað það er að vera kona er það ekki nóg til að um eðlishyggju sé að ræða. Það er til dæmis hægt að skilgreina hvað það er að vera þingmaður þannig að sú skilgreining eigi við um alla þingmenn og aðeins þingmenn. Skilgreiningin yrði náttúrulega að vísa í að kosið hefði verið með löglegum hætti og svo framvegis; ekki væri nóg að tala um mannverurnar sem sitja í ákveðnum sætum í Alþingishúsinu (það að sitja á stól gerir ekki viðkomandi að þingmanni). Nú en það er sum sé ekki nóg að hafa skilgreininguna tiltæka. Enginn er tilbúinn að segja að þingmenn séu þingmenn að eðlislagi heldur getur fólk orðið þingmenn og svo getur það líka hætt að vera þingmenn og lífað góðu lífi þrátt fyrir það.

2. Annað skilyrðið sem kvenedlið verður að uppfylla er því að það að vera kona sé hverri konu eðlislægt, að það að vera kona sé óbreytanlegur eiginleiki þannig að það að hætta að vera kona og hætta að vera til fari saman. Vel er hægt að hætta að vera þingmaður og vera í einhverjum skilningi ennþá sú eða sá sem maður er. En eðlishyggjan krefst þess að ef hægt er að skipta um kynferði yfirleitt, þá verði við það að minnsta kosti svo miklar breytingar að í raun sé um nýja persónu sé að ræða.
3. Nú þriðja og síðasta skilyrðið sem kvenedlið verður að uppfylla er að eiginleikarnir sem um ræðir skýri að einhverju leyti hegðan kvenna. Ef eðlið hefði ekkert skýringargildi væri það með öllu ónothæft sem vopn til þess að bæta stöðu kvenna. Og að sjálfsögðu væri það líka bitlaust sem kúgunartæki.

Eins og Sigríður bendir réttilega á (t.d. á bls. 82) er mjög mikilvægt að rugla eðlishyggju ekki saman við líffræðilega nauðhyggju (biologískan determinisma). Eins og við sjáum er ekkert sem mælir á móti því að eðlið sé afrakstur félagslegrar mótunar. Líffræðileg nauðhyggja ásamt eðlishyggju er hins vegar ekki samræmanleg mótunarhyggju, þar sem líffræðileg nauðhyggja mundi í því tilfelli fela í sér að eðlið ætti sér líffræðilegan eða erfðafræðilegan grunn. En, sum sé, eðlishyggja sem slík hefur ekkert svoleiðis í för með sér. Mótunarhyggja og eðlishyggja virðast því vel geta farið saman og eru ekki þær andstæður sem fólk hefur oft haldið. Í raun má flokka kenningar Gilligan og Chodorow sem mótunareðlishyggju. Þetta kemur vel fram í umfjöllun Sigríðar um kvennasiðfræði Gilligan sem byggir á kenningum Chodorows um sálarþroska barna.

Gilligan er þroskasálfræðingur sem gerði á sínum tíma tilraunir á siðfræðiþroska barna undir stjórn Lawrence Kohlbergs.⁴ Kenningar Kohlbergs fólust í lýsingum á mismunandi siðferðisþroskastigum barna og fullorðna, allt frá algeru eigingirnisstigi upp í stig þar sem siðferðilegar ákvarðanir voru teknar með hliðsjón af alhæfum gildum. Mikill munur var á svörum drengja og stúlkna og komust stúlkur iðulega ekki upp á efsta siðferðisstigið. Frægt dæmi sýnir vel muninn á svörum:

⁴ Sjá Lawrence Kohlberg, *Essays on Moral Development*, San Francisco, 1981.

Heinz er fátækur maður í klípu. Konan hans liggur dauðvona og getur ekkert læknað hana nema lyf sem er afar dýrt og Heinz á ekki peninga fyrir. Spurt var um hvað Heinz á að gera.

Strákarnir, sem spurðir voru, voru færir um að rökstyðja svar sitt með hliðsjón af alhæfum gildum. Að þeirra dómi var réttmætt að stela lyfinu þar sem líf konunnar vó þyngra en eignir eða peningar. Stelpurnar, aftur á móti, veltu spurningunni lengi fyrir sér og leituðu aðra leiða til að fást við vandamálið. Þær spurðu, til dæmis, hvort Heinz gæti ekki talað við lyfsalann og útskýrt málið, eða fengið lánaða peninga fyrir lyfinu. Svo spurðu þær hvort Heinz yrði settur í fangelsi ef hann styldi og hvort það mundi ekki verða konunni hans erfitt.

Gilligan sætti sig ekki við að leiðir stelpnanna til að leysa vandann væru dæmdar sem merki um lægri siðferðisþroska. Þessar leiðir einkenndust af því að sjá samhengi í hlutunum og gera sér grein fyrir persónulegum tengslum. Þvert á móti hélt Gilligan því fram að siðgæði stelpnanna væri alveg eins þroskað og strákanna, það væri bara öðru vísi. Hún hélt því enn fremur fram að þetta ólíka siðgæði héldist óbreytt fram á fullorðinsár. Samkvæmt Gilligan, virtust karlar frekar taka ákvarðanir með tilvísun í algild lögmál um réttlæti, en konur sýna meiri umhyggju og taka mið af persónulegum tengslum og aðstæðum hverju sinni. Að hennar dómi er hér um að ræða tvö ólík siðferðissjónarmið og alls ekki sé svo að umhyggjusjónarmiðið sé réttlætissjónarmiðinu óæðra. Þvert á móti er umhyggjusjónarmiðið fullgilt siðferðissjónarmið.

Sigríður bendir á lík viðhorf sem birtast í stefnuskrá Kvinnalistsans í borgarmálum frá 1990: „Kvinnamenningin felur í sér gildismat sem byggir á virðingu fyrir öllu lífi, tilfinningu fyrir þeim sem þurfa vernd og umhyggju“.⁵

Gagnrýni Sigríðar gegn umhyggjusiðfræðinni er tvenns konar. Annars vegar að þess háttar siðfræði geti ekki stutt allar pólitískar kröfur femínista og þurfi á hugmyndum úr réttlætissíðfræðinni að halda til að setja fram þess háttar kröfur.⁶

Enskir og bandarískir femínistar tala þess vegna um hlutfallslegan mismun á þeirri umhyggju sem konur veita og þeim stuðningi sem þær njóta. Það skýtur því skökku við að Gilligan skuli ekki fjalla ýtarlegar um nauðsyn á gagnkvæmri umhyggju með tilliti til þess að misræmis, þar eð þroskað umhyggjusiðgæði byggist að hennar mati á rétti hvers og eins til að njóta umhyggju í víðustu merkingu þess orðs. En um leið og Gilligan talar um rétt á umhyggju er hún komin yfir á svið réttlætissjónarmiða.

Hins vegar gagnrýnir Sigríður eðlishyggjuna sem liggur til grundvallar þessum sjónarmiðum vegna þess að hún setji konum of þröngar skorður.⁷

Áherslan á umönnunar- og mæðrahlutverkið í reynsluheimshugtaki Kvinnalistsans leiddi þegar fram í sótti til gagnrýni á hina svokölluðu 'mæðrahyggju'. Mynd kvenna þótti takmörkuð um of við mæðrahlutverkið á kostnað fjölbreytileika kvenna.

⁵ Kvinnalistinn, Stefnuskrá í borgarmálum 1990, bls.1. Sjá tilvísun í *Kvenna megin*, bls. 53.

⁶ Sjá bls. 56. Í þessu samhengi vísar Sigríður í Brigitte Rommelspacher, *Zur Ambivalenz der Weiblichen Moral*, Frankfurt, 1992, bls. 69.

⁷ Sjá bls. 55.

Gagnrýni Sigríðar á hugmyndir Gilligan, Chodorow, og mæðrahyggju Kvinnalistans er fyrst og fremst gagnrýni á þessar hugmyndir fyrir að þær geti ekki stutt kröfuna um kvenfrelsi. Sigríður segir beinum orðum á einum stað (bls. 63): „það er því ekki að undra að hugmyndin um kvenfrelsi—frelsið til að velja—hafi helst mælt gegn of einhæfri mæðrahyggju í hugmyndafræðilegri umræðu Kvinnalistans“. Hér skipar Sigríður sér svo ekki verður um villst á bekk með kvenfrelsiskonum, kvenna sem vilja aukið frelsi til að velja.

Það er kannski ekki að undra að eðlishyggja Gilligan, Chodorow, og Kvinnalistans eigi undir högg að sækja þegar aðalmarkmið femínisma er ekki álitid vera að gagnrýna gildi samfélagsins, heldur að auka frelsi til að velja. Því eðlið sem okkur er eignað með eðlishyggjukenningunum, og sem fylgja alls konar aðrir eiginleikar, er eitthvað sem við gætum ekki valið jafnvel þótt við vildum. Eðlishyggja á undir mikið högg að sækja þessa dagana og ég get mér þess til að ástæðan fyrir því sé að flestir femínistar nú til dags líti á femínismann sem kvenfrelsinhreyfingu, ekki gildishreyfingu. Frelsinhreyfing getur haft það að leiðarljósi að auka sjálfræði kvenna, getu þeirra til að ráða sér sjálfum og taka eigin ákvarðanir á meðvitaðan hátt og fylgja þeim eftir. En eins og ég sagði hér að ofan þarf frelshreyfing ekki endilega að trú á sjálfræðið. Meira að segja eru til femínistar sem gagnrýna sjálft hugtakið sjálfræði annað hvort vegna þess að það er álitid kynjað, eða vegna þess að það er álitid vera arfleifð gamallar og úreltrar frumspeki alhæfana. Flestir kvenfrelsisinnar, aftur á móti, nýta sér einmitt hugtök eins og sjálfræði og réttlæti til þess að styðja kröfur um þjóðfélagsbreytingar. Eins og búast má við eru þeir uggandi um hvers konar umbótum er hægt að koma í kring ef við gefum upp á bátinn gildi eins og mannréttindi, frelsi og jafnrétti. Sigríður er sannarlega þar á meðal. Í einni af áhugaverðustu greinum Sigríðar gagnrýnir hún einmitt Judith Butler fyrir það að til þess að kenningar hennar hafi eitthvert pólitískt bit verði þær að notfæra sér gildi sem Butler segist hafna. Lítum á þetta.

Gagnrýni Sigríðar á kenningar Judith Butler⁸

Hér að ofan litum við á gagnrýni Sigríðar á eðlishyggju Gilligan, Chodorow, og mæðrahyggju Kvinnalistans sem gagnrýni femíníssks frelssinna. Við gætum haldið að gagnrýni Judith Butler og annarra póstmóðernista á eðlishyggju kæmi úr allt annarri átt. En í umfjöllun sinni um Judith Butler færir Sigríður einmitt rök fyrir því að gagnrýni Butler og gagnrýni sem á sér rætur í vestrænni heimspekihefð sé í raun af sama meiddi (s. 92):

Fullyrðingar Butler um að kynferðissjálfsmyndir séu menningarlegur og sögulegur tilbúningur, sem sífellt er verið að endurskilgreina, kalla nauðsynlega á hugmyndina um jafnan rétt til frelssis.

Af hverju gera þær það? Samkvæmt kenningum Butler, er bæði kyn og kynferði afrakstur orðræðu. Stelpa fæðist ekki stelpa heldur verður stelpa þegar farið er að líta á hana sem stelpu og sérstaklega tala um hana sem stelpu. Þetta getur gerst við fæðingu og jafnvel í sónar. En fram að þeim tíma er hún ekki stelpa, og kannski ekkert yfirhöfuð. Að dómi Butler taka femínistar, sem kappkosta við að skilgreina hvað það er að vera kona, alveg eins mikinn þátt í þessari orðræðu sem mótar kynin og kynferðin eins og restin af þjóðfélaginu. Hún afneitar öllum tilraunum til að alhæfa um hvað það sé að vera kona

⁸ Sjá *Gender Trouble*, New York, 1990.

yfirleitt, jafnvel þótt það sé gert í góðum tilgangi, vegna þess að í lýsingu felst alltaf einnig boðorð. Það að segja að svona sé kona sé alltaf um leið að segja að svona eigi kona að vera. Þetta telur hún ala á eðlishyggju, sem aftur á móti setur fólki of þröngar skorður. Kynferðisskilgreiningar gera þess vegna ekkert annað en að viðhalda kúguninni. Það sem okkur ber að gera er að berjast á móti kynferðisskilgreiningum og -hlutverkum. En eins og Sigríður bendir á, er sjálfræði til sjálfs- og nýsköpunar „forsenda frelsunar undan kúgandi eða takmarkandi kynferðisskilgreiningum og -hlutverkum“.⁹ Sjálfræði er hins vegar í vestræna heimspekipakkanum sem Butler vill hafna. En til þess að kenningar hennar komist á flug þarf hún á sjálfræði og skyldum gildum að halda. Ef Sigríður hefur rétt fyrir sér í þessu efni, mætti ef til vill eftir allt saman flokka Butler sem frelsissinna, í þeim skilningi sem ég útlistaði hér að ofan.

Niðurlag

Í umfjöllun minni hef ég dregið upp mynd af skoðunum Sigríðar sem kvenfrelsiskenningum, í þeim skilningi sem ég lagði í það hér að ofan. Í framhaldi af því hef ég látið mér detta í hug að sú herferð sem farin er gegn eðlishyggju þessa dagana þýði að hugmyndin um femínisma sem kvenfrelshreyfingu sé nú allsráðandi. Gagnrýni Sigríðar á kenningar Butler rennir stoðum undir þá hugmynd. En ef svo er, að kvenfrelsisstefna sé nú allsráðandi, er rétt að íhuga hvort hugmyndir gildishreyfinga eigi ekki enn erindi við okkur í dag. Gildishreyfing þarf ekki að aðhyllast eðlishyggju. Til dæmis er hægt að berjast fyrir því að hækka laun fólks sem vinnur hefðbundin kvennastörf án þess að halda því fram að þessi störf henti sérstaklega vel konum vegna þess hvernig konur eru í eðli sínu. Ásökun um að gildismat þjóðfélagsins sé að einhverju leyti kynjað þarf aðeins að gera ráð fyrir hefðbundnum tengslum, ekki eðlislægum tengslum, eins og ég nefndi hér í upphafi.

Þetta er ein af þeim mörgu spurningum sem bók Sigríðar vekur upp og hef ég aðeins nefnt nokkrar þeirra í umfjöllun minni hér. Heiti bókarinnar má taka sem tilvísun í fjölbreytileika femínískra kenninga, sem bæði geta haft að markmiði að virkja konur og styrkja, benda á þeirra megin, og að segja sögu þeirra, sögu sem ekki hefur verið sögð áður, sögu um hvernig hlutirnir líta út hinum megin frá. En einnig er við hæfi að líta á heitið sem lýsandi fyrir framlag Sigríðar til íslenskrar femínismaumræðu annars vegar og íslenskrar heimspekiumræðu hins vegar. Hér er á ferðinni verk brautryðjanda sem sýnir svo ekki verður um villst að femínísk heimspeki er lifandi fræðigrein sem á jafnt erindi í málstofur heimspeklinga og kynjafræðinga sem í hugmyndaumræðu íslenskrar kvennapólítíkur.

Ásta Kristjana Sveinsdóttir

⁹ Sjá bls. 92.